

# Reglur lagadeildar um aðstoð meistaranema við kennslu í umræðu- og verkefnatímum- og við prófavinnu í BA-námi

*Samþykktar á deildarfundum 27. maí 2008*

## 1. gr.

Við upphaf hvers námsmisseris skal lagadeild birta auglýsingu á heimasíðu sinni þar sem fram kemur hvaða umsjónarkennarar námsgreina í BA-námi óska eftir aðstoðarkennurum til að leiðbeina í umræðu- og verkefnatímum og/eða til að aðstoða við yfirferð prófa og verkefna.

Umsóknum skal skilað til hlutaðeigandi umsjónarkennara.

## 2. gr.

Sæki fleiri en einn nemandi um starf aðstoðarkennara skal umsjónarkennari velja þann sem hann telur hæfastan til verksins með tilliti til frammistöðu í laganámi eða eftir atvikum í öðru námi, áhuga á námsgreininni og getu hans til þess að leiða rökræður í umræðu- og verkefnatímum og að fara yfir próf. Jafnframt er heimilt að líta til annarra atriða ef líklegt þykir að þau nýtist til starfans.

## 3. gr.

Miðað skal við að umfang vinnu aðstoðarkennara við allan undirbúning, umræðu- og verkefnatíma, svo og eftir atvikum við yfirferð prófa og verkefna sé að jafnaði ekki færri en 100 tímar.

Aðstoðarkennari fær 6 ECTS einingar (3 ein) fyrir vinnu sem fullnægir kröfum 1. mgr. Nemandi getur aðeins einu sinni tekið að sér aðstoðarkennslu til eininga. Sé nemandi, sem áður hefur tekið að sér aðstoðarkennslu, valinn að nýju til að veita aðstoð samkvæmt þessum reglum fær hann greidd laun í samræmi við gildandi reglur.

Á námsyfirliti skal vinna nemanda, sem hann fær einingar fyrir samkvæmt þessum reglum, auðkennd svo: Aðstoðarkennari í BA-námi (námskeiðsheiti).

## 4. gr.

Í lok hvers misseris sendir skrifstofa lagadeildar nemendaskrá bréf þar sem vottað er að nemandi hafi sinnt aðstoðarkennslu í BA-námi og að færa beri einingafjölda í samræmi við 2. mgr. 3. gr. á námsyfirlit hans ásamt auðkenningu í samræmi við 3. mgr. 3. gr. Áður en bréf er sent skal leita staðfestingar umsjónarkennara á að nemandi hafi í störfum sínum sem aðstoðarkennari fullnægt kröfum 1. mgr. 3. gr.

## 5. gr.

Reglur þessar öðlast gildi frá og með skólaárinu 2008-2009.